

raun« vera óskift eign skólahjéraðsins, eða kaupþúnsins, sem ber alla ábyrgð á borgun hússins. **59**

3. Aðskilnaður hreppanna skal fram fara þegar er hreppsnefndir hafa verið kosnar í hvorum hinna nýju hreppa, og skulu vera 3 hreppsnefndarmenn í hvorum þeirra, en þær skulu síðan framkvæma skiftinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, en verði ágreiningur út af skiftingunni, skal úr honum skorið af sýslunefnd, er einnig skal kveða á um fjallskil og afrjetti.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til frekari aðgerða og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gerð á hinum forna Torfalækjarhreppi sem dómpinghá nje manntalspinghá.

**Brjef stjórnarráðsins til biskups um flutning Garðakirkju á Alftanesi. **60****

Samkvæmt ósk sóknarnefndarinnar í Garðasókn í Kjalarnesprófastsdæmi og að undangengnum öðrum undirbúningi, veitir stjórnarráðið hjermeð eftir tillögum hlutaðeigandi prófasts og yðar, háæruverðugi herra, og með skirskotun til 4. gr. í lögum nr. 45, 16. nóvbr. 1907, um skipun prestakalla, leyfi til þess að Garðakirkja á Alftanesi verði flutt til Hafnarfjarðarkaupstaðar, þó því aðeins, að þessa árs hjeráðsfundur Kjalarnesprófastsdæmis samþykki kirkjuflutninginn. **19. júní**

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

**Brjef stjórnarráðsins til biskups um makaskifti á prestssetrinu Stóranúp og jörðinni Skarði í Hrepphólasókn. **61****

Eftir að stjórnarráðinu hafði borist brjef yðar, háæruverðugi herra, dags. 9. febr. þ. á., hefir Hans hátign konunginum samkvæmt allraþegnsamlegustum tillögum ráðherra Íslands hinn 7. apríl þ. á. allramildilegast þóknast að samþykkja að makaskifti megi hafa á prestssetrinu Stóranúp með hjáleigunni Minnanúp innan Árnesprófastsdæmis og jörðinni Skarði í Hrepphólasókn í sama prófastsdæmi gegn 1610 kr. milligjöf, þannig að Stórinúpur verði framvegis skoðaður sem bændaeign að því er gjaldskyldu snertir, en Skarð verði sem aðrar kirkjujarðir. **8 júlí**

Þetta tilkynnist yður hjermeð til leiðbeiningar og frekari birtingar fyrir hlutaðeigendum.